

MINNISBLAÐ

Efni: Heildarendurskoðun og samræming reglna HÍ – skipun starfshóps

Dags: 4. apríl 2012

Í lögum nr. 85/2008 um opinbera háskóla er gert ráð fyrir mjög víðtæku reglusetningarvaldi háskólaráðs. Á grundvelli laganna hafa þannig verið settar almennar reglur nr. 569/2009 fyrir Háskóla Íslands. Uppbygging almennu reglnanna er með þeim hætti að í I. hluta er að finna „sameiginlegar reglur háskólans“ og í II. hluta reglur um fræðasviðin og „sérreglur fyrir hverja háskóladeild“. Á skortir að sérreglur deilda séu settar fram með samræmdum hætti um þau atriði sem réttilega ættu að vera sambærileg á milli deilda. Þar fyrir utan hafa deildir sett sér ýmsar verklags- og viðmiðunarreglur um margvísleg atriði, sem ýmist eru skráðar eða óskráðar, birtar í kennsluskrá, á heimasíðu eða með öðrum hætti og geta þær verið verulega mismunandi á milli deilda. Loks taka svið og deildir ákvarðanir um sömu málefni með ólíkum hætti og skortir gjarnan einnig á að málsmeðferð sem þar er viðhöfð sé samræmd. Að þessu virtu er nauðsynlegt að fram fari heildstæð og kerfisbundin endurskoðun á innri reglum og verkferlum innan skólans með það að markmiði að samræma þær efnisreglur og það verklag sem rétt er að gildi um helstu atriði við ákvörðunartöku innan sviða og deilda. Sérstaklega ber að huga að þeim þáttum er beinast að réttarstöðu nemenda og starfsmanna. Í þessu sambandi þarf einnig að taka til athugunar hvort þörf sé að breytingum á uppbyggingu miðlægrar stjórnsýslu þannig að hún sé betur í stakk búinn til að sinna samræmingar- og eftirlitshlutverki gagnvart sviðum og deildum.

Lagt er til að háskólaráð skipi sérstakan starfshóp sem hafi það verkefni að kortleggja þau álitamál sem uppi eru í störfum sviða og deilda með tilliti til samræmingar á innri reglum og verklagi við töku ákvarðana um málefni nemenda og starfsmanna. Starfshópurinn taki saman skýrslu um vinnu sína þar sem fram komi tillögur um úrbætur. Nánar tiltekið yrðu verkefni starfshópsins eftirfarandi:

1. Greining á þeim tegundum ákvarðana og álitamála í störfum sviða og deilda þar sem samræmingar er þörf.
2. Upplýsinga- og gagnaöflun hjá sviðum og deildum um gildandi reglur og verklag með niðurstöður úr lið 1 í huga.
3. Skýrslugerð og tillögur að (1) breytingum á sameiginlegum reglum HÍ og sérreglum deilda og (2) hugsanlegum breytingum á stjórnskipulagi miðlægrar stjórnsýslu.

Lagt er til að starfshópurinn verði skipaður eftirtöldum starfsmönnum:

Róbert R. Spanó, prófessor, forseti Lagadeildar, er verði formaður

Þórður Kristinsson, sviðsstjóri kennslusviðs

Trausti Fannar Valsson, lektor í Lagadeild

Kristín Helga Markúsdóttir, lögfræðingur starfsmannasviðs

Starfshópurinn skili skýrslu sinni eigi síðar en 1. febrúar 2013.